

Ár 2022, föstudaginn 20. maí kl. 12.00 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímannssyni dómara í Dómstól ÍSí.

**Fyrir var tekið mál nr. 4/2022:**

**Jessica Ósk Lavender og Tristan Logi Lavender  
gegn  
Aganefnd Landssambands hestamannafélaga**

Uppkveðinn svohljóðandi

#### **Dómur:**

Þann 13. maí 2022 barst dómstól ÍSí kæra þar sem kærður er úrskurður Aganefndar LH frá 11. maí 2022 í máli nr. 1/2022. Úrskurðarorð er svohljóðandi: „*Jessicu Ósk Lavender og Tristan Logi Lavendar eru úrskurðuð í tveggja vikna keppnisbann frá og með 9. maí 2022.*“

Dómkröfur kæranda eru eftirfarandi:

1. Að úrskurður Aganefndar LH í máli 1/2022 um að unglingarnir Jessica Ósk Lavender og Tristan Logi Lavender séu úrskurðuð í tveggja vikna keppnisbann frá og með 9. maí verði felldur úr gildi.
2. Til vara að veita áminningu og/eða að árangur þeirra á þessu móti verði þurrkaður út.

Við þingfestingu málsins 19. maí 2022 lágu fyrir eftirtalin gögn, auk ofangreindrar kæru:

Úrskurður Aganefndar LH, dags. 11. maí 2022, ódags. erindi frá fyrirsvarsmanni kæranda til formanns aganefndar LH og greinargerð kærða, dags. 16. maí 2022.

Jessica Ósk er fædd 14.11.2006 og Tristan Logi 15.11.2007.

Munnlegur málflutningur fór fram 19. maí 2022 eftir að gagnaöflun var lýst lokið og sættir reyndar án árangurs.

Mætt fyrir hönd kæranda, Svanbjörg Vilbergsdóttir, móðir og lögmaður kæranda Sandra Björk Jóhannsdóttir. Fyrir hönd kærða, Þorvaldur Sigurðsson, formaður Aganefnar LH.

Fram kom hjá lögmanni kæranda að það væri óumdeilt að kærendur mættu ekki í umrædda forkeppni og að það barst engin afskráning frá þeim. Að beita kærendur keppnisbanni væri mjög íþyngjandi viðurlög. Líta þurfi til ungs aldurs keppenda og að um fyrsta brot væri að ræða. Því eigi áminning fremur við en keppnisbann. Það væri næg refsing fyrir þau að missa af mótinu.

Fram kom hjá kærða að það hafi í för með sér mikla röskun á öllu keppnishaldi þegar keppendur mæti ekki til leiks. Aganefnd taldi grein 8.5.8. eiga við um brot kæranda, þar sem keppendur eru unglingar og lengd keppnisbanns styttra, einungis hálfur mánuður.

Málsatvik og málsástæður eru rakin í hinum kærða úrskurði Aganefndar og vísast til þess.

Hér vegast á sjónarmið aðila, annars vegar um vægari viðurlög sökum ungs aldurs keppenda og hins vegar að sporna gegn þeirri miklu röskun sem það hefur á allt keppnishald þegar keppendur mæta ekki til leiks.

Það er álit dómsins að tekin hafi verið afstaða til þessara sjónarmiða í hinum kærða úrskurði Aganefndar LH og ber þess vegna að staðfesta hann. Kröfugerð kæranda er hafnað.

Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

**Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur .

Dómþingi slitið.

Halldór Frímansson (sign)

Dómari

Aðilum er bent á ákvæði 33.3 í lögum ÍSÍ, en þar er mælt fyrir um að áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sé ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.